

Verslunarmannahelgin kvödd með litadýrð



Myndasýrpa á bls. 4

Fallegt sólarlag sem litaði skýjin í rauðum og bleikum tónum tók á móti íbúum og gestum á Flúðum, sunnudagskvöld um verslunarmannahelgina.

Ljósmynd: Dagskráin/SEG.

Metfjöldi á Brekkusöng í Miðbæ Selfoss

Sí. sunnudagskvöld fylltist miðbær Selfoss af lífi þegar um 1.000 gestir komu saman til að fylgjast með beinni útsendingu frá Brekkusöngnum í Vestmannaeyjum. Aldrei hafa fleiri tekið þátt í viðburðinum, sem var haldinn í fimmta sinn, en miðbær Selfoss fagnar einmitt fimm ára afmæli á þessu ári.

Kvöldið fór afar vel fram og ríkti einstök stemning frá upphafi til enda. Gestir á öllum aldri nutu tónlistarinnar, veitinganna og samverunnar í miðbænum, sem hefur á fáum árum fest sig

í sessi sem einn vinsælasti samkomustaður Sunnlendinga.

„Það er virkilega gaman að sjá hvernig þessi viðburður hefur vaxið ár frá ári. Allt gekk mjög vel og við erum afar þakklát öllum þeim sem komu og tóku þátt í þessari frábæru stemningu,“ segir Davíð Lúther, markaðsstjóri miðbæjar Selfoss.

Að sögn Davíðs tók hann eftir því að fólk mætti mun fyrr en undanfarin ár.

„Við teljum líklegt að það megi rekja til þess hversu einstaklega gott veður var yfir dag-

inn. Klukkan átta um kvöldið mældist hitinn enn um 16 gráður, sem er auðvitað frábært fyrir íslenskt sumarkvöld og skapaði fullkomnar aðstæður til að njóta kvöldsins utandyr.“

Miðbær Selfoss vill færa öllum gestum, starfsfólki, listafólki og samstarfsaðilum kærar þakkir fyrir kvöldið og hlakkar nú þegar til næsta árs. Með metaðsókn á fimm ára afmælisári miðbæjarins er ljóst að Brekkusöngurinn hefur fest sig í sessi sem einn vinsælustu sumar viðburður á Suðurlandi.



Fáðu fagmann í verkið



PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



Framúrskarandi
fyrirtæki 2020-2025

Rafverktakar · Verslun Öryggis-, myndavéla- og loftnetskerfi



Neyðarsími 660 1160

Eyravegi 32 · Selfossi · Sími 480 1160
www.arvirkinn.is



Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is
www.prentmetoddi.is



Sláturhús Selfossi Störf í sláturtíð haustið 2026

Sláturfélag Suðurlands óskar eftir að ráða slátrara sem og almenna starfsmenn til starfa í sláturtíð sem hefst í byrjun september og stendur í um tvo mánuði.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starf á heimasíðu félagsins www.ss.is undir „sækja um starf“.

Nánari upplýsingar hjá SS á Selfossi í síma 480-4100.

Upplýsingar um SS er hægt að nálgast á heimasíðu fyrirtækisins www.ss.is.

Veitingastaðurinn Röstí býður til sólmyrkvahátíðar

Miðvikudaginn 12. ágúst gefst einstakt tækifæri til að fylgjast með einum magnaðasta náttúruviðburði ársins þegar sólmyrkvi verður sýnilegur frá Íslandi. Þótt Reykjanes sé besta staðurinn á landinu til að upplifa myrkvann verður Selfoss ekki langt undan, þar sem um 99,9% af sólinni hverfur á hápunkti myrkvans.

Í tilefni dagsins stendur veitingastaðurinn Röstí fyrir sérstökum sólmyrkvaviðburði þar sem gestum gefst kostur á að upplifa viðburðinn saman í skemmtilegri stemningu.

„Þetta er viðburður sem við viljum alls ekki missa af,“ segir Margrét, eða Vísinda Magga, einn af eigendum Röstí.

„Já, auðvitað er Reykjanes

besti staðurinn til að horfa á sólmyrkvann, en við erum bara á næstbesta staðnum þetta skiptið. Fyrir okkur skiptir mestu máli að bjóða íbúum Selfoss og nærsveit upp á skemmtilega upplifun hér í miðbænum. Svona augnablik eru miklu skemmtilegri þegar fólk upplifir þau saman.“

Magga segir að þau ætla að gefa sólmyrkvagleraugu sem uppfylla alþjóðlega ISO-staðla, svo gestir okkar geti fylgst með sólmyrkvanum á öruggan hátt.

En hvað ef það verður skýjað? „Þá mætum við bara í miðbæinn, fáum okkur ískaldan Thule Lite og komum með góða skapið. Veðrið ræður kannski því hvað við sjáum mikið, en það ræður ekki stemningunni.“

Allir þeirsem kaupa sér Thule



Mynd: Aðsend.

Lite á Röstí, Miðbar eða Risinu ókeypis sólmyrkvagleraugu, á meðan birgðir endast.

Brúarhlaup Selfoss haldið næsta laugardag

Híð árlega Brúarhlaup á Selfossi fer fram laugardaginn 8. ágúst 2025. Hlaupavegalengdir eru 10 km, 5 km, 3 km ásamt 800 m Sprotahlaupi fyrir krakka 8 ára og yngri. Allar hlaupaleiðir eru löggiltar og mældar upp af viðurkenndum aðila og flögutímataka er í öllum hlaupavegalengdum. 5 km og 10 km hlaupin eru viðurkennd og vottuð af Frjálsíþróttasambandi Íslands.

Veittir verða verðlaunapeningar fyrir efstu þrjú sæti í aldursflokkum og í heildarkeppni karla og kvenna í 5 km og 10 km hlaupum. Einnig eru veitt verðlaun í 3 km hlaupi og 5 km hjólræiðum, auk útdráttarverðlauna meðal þátttakenda. Verðlaunaafhending fer fram kl. 13:00 í Miðbæjargarðinum.

Skráning fer fram á netskráning.is. Allir keppendur fá frítt í sund eftir hlaup, í boði Sveitarfélagsins Árborgar, gegn fram-



Mynd úr safni.

vísun keppnisnúmera.

Tímasetningar og staðsetningar

Vegna óvæntra framkvæmda hjá Sveitarfélaginu Árborg, eru smávægilegar breytingar á hlaupaleiðum frá fyrra ári:

Hlauparar í 10 km hlaupi verða ræstir á Árvegi fyrir neðan/norðan Krónuna á Selfossi kl. 11:30

Hlauparar í 5 km hlaupi verða ræstir á Árvegi, fyrir neðan/norðan Krónuna á Selfossi kl. 12:00

Keppendur í 5 km hjólræiðum

verða ræstir kl. 11:00 á Árvegi fyrir neðan/norðan Krónuna á Selfossi kl. 11:00.

Keppendur í 3 km skemmtiskokki verða ræstir í miðbæjargarði Selfoss kl. 11:30

Keppendur í 800m Sprotahlaupi verða ræstir í miðbæjargarði Selfoss kl. 12:30

Allir þátttakendur koma í mark í Sigtúnsgarðinum í miðbæ Selfoss.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu UMF Selfoss.

Náttúruleg

Útihúsgögn.is

Úti allt árið

Alvöru tréhúsgögn
Handsmíðuð Gæðavara

Borðbekkir

info@utihusgogn.is

- Heimili og sumarhús
- Bæjarfélög og opin svæði
- Fyrirtæki og hótél



Skoðaðu úrvallið



Garðbekkir



Borðsett 4-12 manna




Hringborð



ADALSKOÐUN

Eyravegur 51, 800 Selfoss
Sími 590-6996

Ekki gíska hvað er að,
komdu frekar í skoðun



Kort af hlaupaleiðum. Mynd: UMFS.

STARF Á ÞJÓRSÁRSVÆÐI

Rekstur rafveitna

Við leitum að sérfræðingi til starfa við rekstur rafveitna á Þjórsársvæði þar sem við rekum sjö vatnsaflsstöðvar sem nýta vatn til raforkuvinnslu. Starfið tilheyrir sviði vatnsafls og gegnir mikilvægu hlutverki við að tryggja öruggan og áreiðanlegan rekstur raforkukerfa.

Í starfinu felst umsjón með svæðisveitu, rofastjórnun og tæknilegri skjölun. Jafnframt verður viðkomandi fulltrúi ábyrgðarmanns Rafmagnsöryggisstjórnunarkerfis (RÖSK) á svæðinu og tekur þátt í að viðhalda og efla öryggismenningu Landsvirkjunar. Við leitum að einstaklingi sem býr yfir góðri fagþekkingu, sýnir frumkvæði og leggur áherslu á öryggi, gæði og gott samstarf. Starfsstöð er í Búrfelli, Þjórsársvæði.

Helstu verkefni:

- Umsjón með rofastjórnun á starfssvæðinu, þar á meðal í vindlundi við Vaðöldu
- Umsjón með rekstri og viðhaldi rafveitu á svæðinu
- Umsjón með teikningum, tæknigögnum og annarri tæknilegri skjölun sem tengist rafveitunni
- Viðhald, endurskoðun og gerð leiðbeininga og gátlista

Hæfni:

- Menntun á sviði rafmagns sem nýtist í starfi
- Reynsla af rekstri og viðhaldi háspennukerfa
- Góð þekking á stjórn- og varnarbúnaði raforkukerfa
- Reynsla af bilanagreiningu á rafbúnaði
- Jákvæðni og góð samskipta- og samstarfshæfni
- Sjálfstæði í starfi og skipulögð vinnubrögð

Umsóknarfrestur er til og með 16. ágúst

Sótt er um starfið á vef Landsvirkjunar:

landsvirkjun.is/storf



STARF Á ÞJÓRSÁRSVÆÐI

Skipuleggjandi viðhaldsverkefna

Við leitum að skipulögðum og lausnamiðuðum einstaklingi í starf skipuleggjanda viðhaldsverkefna á Þjórsársvæði þar sem við rekum sjö vatnsaflsstöðvar sem nýta vatn til raforkuvinnslu. Skipuleggjandi viðhalds ber ábyrgð á að skipuleggja, forgangsraða og tímasetja viðhaldsverkefni í samræmi við rekstrarparfir og samþykktar viðhaldsáætlun.

Starfið tilheyrir sviði vatnsafls og felur í sér að samræma nýtingu mannafla og annarra auðlinda með það að markmiði að tryggja skilvirka og örugga framkvæmd viðhaldsverkefna á starfssvæðinu. Jafnframt tekur skipuleggjandi virkan þátt í stöðugum umbótum með greiningu á nýtingu mannafla, framkvæmd viðhaldsverkefna og tækifærum til að auka skilvirkni og árangur viðhaldsverkefna. Starfsstöð er í Búrfelli, Þjórsársvæði.

Helstu verkefni:

- Tímasetja viðhaldsverkefni í samræmi við samþykktar viðhaldsáætlanir
- Tryggja að viðhaldsverk fari fram samkvæmt verklagsreglum, öryggiskröfum og gildandi leyfum
- Tryggja jafnvægi milli tiltæks mannafla og fyrirhugaðs vinnuálags
- Uppfæra áætlanir og bregðast við breytingum í rekstri, frávikum og óvæntum bilunum
- Skrá og viðhalda áreiðanlegum upplýsingum um tímasetningar, mannafla og framkvæmd í viðhaldskerfi (DMM)


Hæfni:

- Tæknimenntun sem nýtist í starfi
- Framúrskarandi skipulagshæfni og góð yfirsýn yfir verkefni
- Jákvæðni og góð samskipta- og samstarfshæfni
- Frumkvæði, lausnamiðað hugarfar og geta til að vinna undir álagi
- Þekking og reynsla af DMM eða sambærilegum viðhaldskerfum

Umsóknarfrestur er til og með 16. ágúst

Sótt er um starfið á vef Landsvirkjunar:

landsvirkjun.is/storf



Glampandi sól á Flúðum um Versló

Flúðir um Versló var haldið síðustu helgi í ellefta skipti með fjölbreyttri dagskrá alla helgina. Fjöldinn allur af fólki um land allt lagði leið sína á Flúðir og dvaldi á tjaldsvæðinu enda blíðskapaveður alla helgina.

Bessi Theodórsson, forvarsmaður hátíðarinnar segir hátíðina hafa heppnast einstaklega vel í ár en alls var talið um 10 þúsund manns sem

kíktu við á Flúðir yfir helgina. “Flúðir um Versló í ár fór fram úr öllum vonum. Fólk alls staðar að kom staðráðið því að finna rólegheit og skemmta sér. Veðrið setti punktinn algjörlega yfir i-ið,” segir Bessi í samtali við Dagskrána.

Nóg var um að vera og má meðal annars nefna fjölskylduskemmtun, traktoratorfæru, furðubátakeppni og brennu- og brekkusöngur. Stuðlabandið

mætti ásamt Sigu Beinteins og skemmtu gestum á balli í félagsheimilinu á laugardagskvöldi. Lokahnykkur hátíðarinnar var svo brekkusöngurinn sem var stýrður af trúbadornum Hlyn Snæ. Sömu leiðis var ball eftir brekkusöng á sunnudeginum þar sem Bandamenn trylltu lýðinn.

SEG



Mynd tekin á brekkusöngnum á Flúðum. Mynd: Dagskráin/SEG



Myndir frá furðubátakeppninni. Ljósmyndir: Drónatökur.is/Arnór Snær.



Sunnlenski
matgæðingurinn



Sæt kartafla fyrir sæta sunnlendinga

Matgæðingur vikunnar er Kolfinna Sjöfn Ómarsdóttir.



Ég þakka áskorunina og er heiður að hafa verið valin sem matgæðingur vikunnar! Ég ætla að sýna ykkur mjög svo einfaldan rétt sem er virkilega hollur og góður. Eins er hægt að aðlaga hann að eigin smekk með því að leika sér með fyllinguna, en hingað til hefur þetta verið skotheld uppskrift sem hefur ekki fengið neinar kvartanir!

Fylltar sætar kartöflur (Fyrir tvo)

- Hráefni:**
1 Sæt kartafla
1/2 piparostur
2 kjúklingabringur
4 sveppir
1 paprika
Döðlur og krydd eftir smekk

Aðferð:
Byrjið á að skera kjúkling í strimla og marinera eftir smekk. Gott er að nota salt, pipar, hvítan pipar, paprikukrydd og smá hunang eða púðursykur. Skerið sætu kartöfluna í tvennt eftir endilöngu og penslið með olíu. Hún er sett í eldfast mót og inn í ofn með hýðið upp. Hafið hana inni í ofni á 200° í svona klukkutíma eða þar til hún er orðin mjúk í gegn.

Skerið papriku og sveppi í bita. Skerið piparost í ræmur og saxið niður döðlur. Steikið kjúklinginn á pönnu þar til hann er eldaður í gegn, setjið þá paprikuna og sveppina á pönnuna og steikið með. Þegar kartaflan er orðin mjúk, takið hana úr ofninum og skafið innan úr henni helm-inginn af kartöflunni, passið samt að skafa ekki alveg af köntunum svo hún haldist uppi þegar fyllingin er sett í hana. Setjið það sem tekið var úr kartöflunni á pönnuna með grænmetinu og kjúklingnum og hrærið saman við. Fyllingunni er svo raðað ofan í kartöfluna og piparosti og döðlum raðað yfir eftir smekk. Setjið svo kartöfluna aftur inn í ofn í um það bil 10 mínútur eða þar til osturinn er orðinn mjúkur eða bráðnaður. Verði ykkur að góðu!

Ég skora á ömmu mína hana Ásgerði Sjöfn Guðmundsdóttur, hún er alltaf að brasa í eldhúsinu að elda eitthvað gómsætt.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



HARPA
ÚTFARARSTOFA

Kirkjulundur 19
Garðabær
harpa@harpautfor.is
harpautfor.is



Harpa Heimisdóttir
842 0204



Brynja Gunnarsdóttir
821 2045



Útgefandi: Prentmet Oddi, Gagnheiði 17, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Bláðamaður: Sæbjörg Erla Gunnarsdóttir, sími 482 1944, saebjorg@dfs.is.
Auglýsingaheild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 4.500 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar systur austan Helliðs. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X

Prentun: Prentmet Oddi Svansvottuð prentsmíða

Gáta vikunnar

Er á móti máli sú, mænir á í bílnum. Til foráttu hann finnur nú, finnur út í mílum

Svar við gátu í blaði 2863: **BLEIK**
Bleikkúla er íslenskur matarsveppur
Bleikskinni er nafnagift indíána á hvítum mönnum.
Bleikskjöttur hestur, bleikur, hvítum blettum
Bleikhaddaður, maður með bleikt hár (ljósgult)





MÁLMIÐJAN

Stálheiðarleg opnunartilboð á bárujárnni

Ólituð bára 0,6 mm

1990 kr.

m² með vsk.

Lituð bára 0,6 mm

2990 kr.

m² með vsk.

MÁLMIÐJAN breytir leiknum!

Hagstætt verð

Með nýrri framleiðslutækni og sjálfvirkni er vara framleidd á hagkvæmari máta en áður. Þið fáið verð strax á sölusíðu félagsins, pantið og fáið uppgefinn afhendingartíma.

Stuttur afhendingartími

Framleiðslubúnaður félagsins er nýr og afkastamikill. Við **afhendum pantanir á 2–3 virkum dögum** frá staðfestingu.

Auðvelt að panta

Vefverslun félagsins er notendavæn og þægileg, og þið getið fylgst með stöðu pantana í rauntíma, flokkað pantanir niður á verk og verkstaði.

Framúrskarandi efnisgæði

Hráefni Málmiðjunnar er frá Baosteel, stærsta og framsæknasta stálframleiðanda í heimi. Stálið sem við notum í klæðningar er í háum gæðaflokki.

Skoðaðu málminn

malmidjan.is

FUNDIR



Krabbameinsfélagið

OPNUNARTÍMAR

Mánudaga kl. 11-14
Opíð hús

Þriðjudagar kl. 11-13
Upprekjur

Þriðjudagar kl. 14-16
Unga fólkið

Miðvikudagar kl. 11-14
Opíð hús

Fimmtudagar lokað
Viðburðir auglýstir sérstaklega á
Brossiðunni

Föstudagar kl. 11-13
Opíð hús

Fyrsta þriðjudag í mánuði
Karlahöpurinn Smárarnir kl. 18

Eyravegur 31, Selfossi

Sími 482 1022 og 788 0300
arnessysla@krabb.is
krabbameinsfelagarnessyslu.net

Facebook: Krabbameinsfélag
Árnessýslu/Brossið/Smárarnir

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir - einn dagur í einu, alla laugardaga.
Nýliðafundur hefst 9:30 og
Al-Anon fundur strax að
honum loknum klukkan 10:00.

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum
í Hrísholti 8. Nýliðafundur kl.
20:00. Fundur kl. 20:30.

AA

Mán. kl. 20:30 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opin fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa kro-
kus. Poniedziałek i czwartek i
sobota godzina 19:00. Hrísholt
8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni

Fundur alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi
1, Þorlákshöfn
Mánudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, neðri
hæð, miðvikudaga kl. 19:30.

AA fundir í Hveragerði í húsi

Rauða krossins. Mánamörk 1
Mánudaga Kl.18 - Konur
Fimmtudaga Kl.18 -
Sporafundur - Konur

Njálureiðin 2026

Njálufélagið efnir til Njál-
ureiðar laugardaginn 22.
ágúst nk.

Ferðin hefst í Fljótshlíðarrétt,
mæting kl. 11–13 þann dag. Rið-
ið verður um Landeyjar í Kára-
gerði þar sem Kári Sölmundar-
son slökkkti í fötum sínum eftir
að hafa sloppið úr brennunni á
Bergþórshvoli. Kári herti dignað
sverðið svo í blóði Sigfússona
og annarra brennumanna.

Hermann Árnason verður
leiðangursstjóri en sagnamen-
irnir Lárus Bragason og Frið-

björn Garðarsson segja frá at-
burðum.

Íslensk kjötsúpa mun malla
í pottum Bergþóru húsfreyju
í umsjón þeirra Ástu í Seli og
Diddu í Hólmi. Bjór frá Agli
Skallagrímssyni verður kneyf-
aður.

Hinn rangæski gítar- og
söngsnillingur Hlynur Snær
mun þenja strengina og reyna

sönghæfni reiðmanna og ann-
arra gesta. Það verður gleði og
söngur og sögur í reiðhöllinni í
Káragerði þetta kvöld. Þar ræður
ríkjum Benjamín Sandur Ing-
ólfsson hestamaðurinn snjalli.
Allir eru velkomnir í reið eða
sönginn.

Reiðskykkja Njálufélagsins
er skilyrði fyrir þátttöku í reið-
inni.

Allar frekari upplýsingar er
að finna á: njalufelagid.is þar
er hægt að ganga í Njálufélagið
og gerast heiðursáskrifandi að
Njálu Jóns Böðvarssonar, jóla-
bókinni í ár með myndum Þór-
hildar Jónsdóttur frá Lambey í
Fljótshlíð.

Guðni Ágústsson
Formaður Njálufélagsins



ÞJÓNUSTA



Daglegar ferðir

SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

Fjárheimar ehf.

Eyravegi 37, 2h - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

Allt fyrir
sumarhúsið
og garðinn

Palla og skjólgirðingar

Viðbyggingar og
breytingarnar

Viðhald og endurbætur

Lýsingar og raflagnir

Jens sími: 778-7171

löggiður húsasmíða og
rafvirkja meistari
jgrettisson@gmail.com



RAFVÉLATEKNI
LÖGILTUS RAFVEITAKI
Vantar þig rafvirkja?

Athlida rafveiktaka
Sérfræðisekking í stjórnskrifum,
mótorstyrkingum og vélategndum lausnum

HAFTU SAMBAND
419-8700 | rvt@rvt.is
www.rvt.is

KIRKJUR

Selfosskirkja

Kvöldmessa verður í
Selfosskirkju sunnudaginn 9.
ágúst kl. 20.
Sr. Gunnar Jóhannesson þjónar
fyrir altari og flytur ihugun.
Félagar úr kór Selfosskirkju
syngja ljúfa kvöldsálma.
Verið hjartanlega velkomin.

Guðsþjónusta

Laugardaginn 8. ágúst klukkan
10:00, Jón Hjörleifur leiðir biblíu-
rannsóknog predikar.

Barna- og unglingastarf á sama
tíma

Safnaðarheimili Sjöundadags
Aðventista
Eyravegi 67 – Selfossi
Allir hjartanlega velkomnir

HEILSA

Heilsa

Augnlestur, heilsuráðgjöf,
svæðanudd og dáleiðsla.
Heilsulindinni í Miðgarði.

Einnig fræðsla og ráðgjöf fyrir
fjölskyldur, vinnustaði og litla
hópa í heimahúsum.

Heiðar Ragnarsson
S. 8981501

Energy Touch
- Nudd
- Heildræn
meðhöndlun



Jákvæðar
hugsanir
breyta deginum



Ragnhildur
Sigurðardóttir
Sími 693 2197
ragnhildurgagga.is

Cand.mag. í þróttfræðum,
nálastungur, yoga,
NLP-master/coach,
heilsuuddari,
Hugræn atferlismeðferð,
meta medicine.

Gestalistamaður ágústmánaðar í Gallery Listaseli

Rithöfundurinn Guðlaugur
Arason er listamaður ágúst-
mánaðar í Gallery Listaseli á
Selfossi og sýnir hann bókverk
sín. Hann verður með opnun

laugardaginn 8. ágúst milli kl
14- 17 og munu m.a. Björn
Thoroddsen og Jón Rafns spila
Jazz.



Alenda sumarhús við Þingvallavatn

Eldur kviknaði í sumarbústað
Eí Veiðilundi við Þingvalla-
vatn sl. laugardagskvöld. Þegar
slökkvilið bar að var húsið
alelda og varð það gjöreyðilagt
í brunanum. Slökkvilið Bruna-
varna Árnessýslu á Selfossi og
Laugarvatni var kallað á vett-
vang en neyðarlínunni barst til-
kynning um eldinn kl. 21:20

Allir sem voru í húsinu kom-
ust út og enginn er slasaður.
Búið var að slökkva á eld-
inum kl. eitt en þá var húsið
alelda. Það þurfti að flytja vatn í
tankbílum til að slökkva eldinn.
Áhersla var lögð á að koma í
veg fyrir að eldurinn breiddist út
í nærliggjandi gróður.

Orsök brunans er í höndum
lögreglu.



Mynd: Brunavarnir Árnessýslu.

Fjör á Unglingalandsmóti UMFÍ

Unglingalandsmót UMFÍ var haldið á Sauðárkróki um verslunarmannahelgina og þangað mættu um 130 keppendur af sambandsvæði HSK, allir í nýjum og glæsilegum treyjum í boði SS og HSK. Það var glæsilegur HSK hópurinn sem gekk inn á völlinn á mótsetningunni, þar sem gleðin var í fyrirrúmi.

Þátttakendur á aldrinum 11-18 ára voru í heildina tæpla 1.100 talsins af öllu land-

inu sem kepptu í rúmlega 20 íþróttagreinum og sóttu svo ýmsa afþreyingu milli greina og á kvöldin. Á mótinu var hugað að því að bjóða upp á eitthvað fyrir sem flesta, en í boði var ýmis afþreying fyrir 10 ára og yngri og einnig fyrir fullorðna.

Unglingalandsmótsnefnd HSK ákvað að leggja ekki eins mikla áherslu á árangur keppenda á mótinu, eins og verið hefur. Nú verða ekki birt nöfn þeirra sem unnu ein-

staka greinar. Það er reyndar ekki hlaupið að því að taka slíkan lista saman, þar sem félög keppenda koma ekki fram í úrslitum. Úrslit allra greina má sjá á vefsvæði mótsins, <https://www.umfi.is/vidburdir/unglingalandsmot/urslit-2026/>

Mótinu var slitið með tónleikum, brekkusöng og flugeldasýningu af Nöfunum ofan við íþróttasvæðið á Sauðárkróki. Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ,

heiðraði þar Ómar Braga Stefánsson, framkvæmdastjóra móta UMFÍ, en þetta er síðasta mótið sem hann leiðir eftir rúm 20 ár. Á þessum árum hafa sex UMFÍ mót verið haldin á HSK svæðinu. Á þessum tímamótum þökkum við Ómari Braga farsælt og ánægjulegt samstarf við framkvæmd mótanna.

Ekki liggur ljóst fyrir hvar Unglingalandsmótið á næsta ári verður haldið, en umsóknar-

frestur um að halda mótið hefur verið framlengdur til 15. september nk.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, kynningarfulltrúi UMFÍ og ritstjóri Skinfaxa var með myndavélina á lofti alla helgina og hér eru nokkrar myndir sem hann tók á mótinu.

Myndir: Aðsendar/Jón Aðalsteinn Bergsveinsson.



Allir velkomnir á Hamingjuna við hafið

Bæjarhátíðin Hamingjan við hafið hófst með pomp og prakt í Þorlákshöfn þriðjudaginn 4. ágúst og halda hátíðarhöldin alveg fram til 9. ágúst. Eins og áður er dagskráin fjölbreytt og höfðar til allra aldurshópa. Allir opinberir viðburðir á vegum Sveitarfélagsins Ölfuss eru gjaldfrjálssir og öllum opnir.

Fimmtudaginn 6. ágúst hefst hátíðarhöldin með sundlaugarpartíi og á sama tíma verður fjölskyldusamvera, sögustóll og þrjónahittingur í Lautinni í Skrúðgarðinum. Fjörugufan býður upp á gusuupplifun í Skötubót klukkan 17 og aftur klukkan 19. Klukkan 18 verður grill og harmonikkuball á 9unni. Ferðamálafélag Ölfuss stendur fyrir menningar- og sögugöngu. Deginum lýkur með tónlistarveislu í garðinum hjá Róberti og Guðlaugu við Skálholtsbraut 11.

Föstudaginn 7. ágúst hefst dagskráin með Litahverfagöngu klukkan 19:30. Seinna um kvöldið verður sannkölluð tónlistarveisla þegar Hr. Hnetusmjör, Emmsjé Gauti, Júlí Heiðar, Kristmundur Axel og Sveitameinn stíga á svið og sjá til þess að stemningin nái hámarki.

Laugardaginn 8. ágúst verður stór fjölskyldudagur í Skrúðgarðinum. Boðið verður upp

á glæsilega barnadagskrá með Lalla töframanni, BMX Bros, Línu Langsokk og Sirkus Íslands, söngkeppni barnanna, street ball, hoppuköstulum, markaðsstemningu, matarvögnum og fjölmörgu öðru. Um kvöldið taka við stórtónleikar með Bríeti, Stebba Hilmars, Audda og Steinda og ball sem enginn vill missa af.



Mynd: Ölfus.



Einu sinni á ágústkvöldi

Mánudagskvöldið 17. ágúst 2026 boðar ferðanefnd FEBSEL til samveru í **Vatnsholti í Flóahreppi sem hefst kl. 19:00**

Framreiddur verður kvöldverður sem er lambalæri og meðlæti að hætti Vatnsholts og kaffi og konfekt á eftir auk þess sem barinn á staðnum verður opin. Við ætlum að eiga þarna notalegt síðsumarskvöld og skemmta hvert öðru.



Hlynur Snær Theódórsson trúbador verður gestur samverunnar.

Í Vatnsholti er gott tjaldstæði fyrir þá sem vilja nota tækifærið og koma með ferðavagna sína og dvelja lengur á staðnum.

Verð á gistinótt á tjaldstæðinu er **kr. 1.500 á mann** (innifalið gistináttagjald) og rafmagn fyrir sólarhringinn er **kr. 1.500 á hýsi**.

Ath.: Ekki verður boðið upp á rútuferð í Vatnsholt en vonandi sjá margir sér fært að koma og minnum við á að hver og einn er á eigin ábyrgð. Bóka verður í kvöldverðinn hjá nefndinni eða skrá sig á lista sem mun liggja frammi í Grænumörk 5. Einnig er hægt að skrá sig á Facebooksíðu Febsel. Þátttökulistinn mun svo liggja fyrir í Vatnsholti þar sem hver og einn greiðir fyrir sig.

Ath.: Þátttaka í kvöldverðinum þarf að liggja fyrir fimmtudaginn 13. ágúst.

Verð á kvöldverði er kr. 7.000 á mann
Hlökkum til ágústkvöldsins í Vatnsholti.

Helgi s. 860 7032
Ingibjörg s. 864 2972 Vigdís s. 893 6564

Endurmenntun atvinnubílstjóra
Akstursþjálfun - Meirapróf

okuland.is



PÚLSINN
Raf & kæliþjónusta

Kæli & Frystikerfi
Viðgerðir · Þjónusta
Nýsmíði · Rafmagn

Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com



FÁÐU TILBOÐ
Í PINN PALL

899 0979 848 0964
ÖRN GÍSLI

WWW.SOLPALLUR.IS



SÓLPALLUR
Fagmennska · Gæði · Áreiðanleiki



LAGNIR

ALHLIÐA PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002

800lagnir@800lagnir.is



ÁREIÐANLEGIR
PÍPULAGNINGAVERKTAKAR

Sími 769 0001 (Halli) - 800 Selfossi
lagnaland@lagnaland.is

LAGNALAND EHF.



Bilasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti

Bilverk BA

Þar sem
fagmennirnir vinna

★★★★★

Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi

Sími 482 2224 / 899 5424

bilverkba.is



ÖLL ALMENN
SMÍÐAVINNA

Löggiltir húsasmíðameistarar

848 0964 899 0979
GÍSLI ÖRN

GBHUS@GBHUS.IS

VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsníði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Sprettur
ÁBURÐUR



Stíflupjónusta
Sævars Selfossi

Sími: 861 1919
stifla.selfoss@gmail.com

YFJR
20 ÁRA
REYNSLA

Stíflulosun úr lögnum
Myndun lagna
Rótarskurður o.fl.



Vinnuvélanámskeið
á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is



DÆLUBÍLAÞJÓNUSTA
OG STÍFLULOSANIR



510 1180 - 669 8441

Hellismýri 14 800 Selfoss stiflulosun.is



Pípulagnir Júlla

Persónuleg þjónusta

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir

Sími 772 1456 - ornja@bnet.is - www.pipulagnirjulla.is

Lagnapjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311

Skrifstofa Þjónustusími



Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir



Lagnir og Lausnir ehf
Ykkar óskir, okkar lausnir

Kristinn 660 1580 Einar 660 1581 lagniroglausnir.is